



4. Höfundar námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi

„Sigfríður Björnsdóttir hlýtur verðlaunin fyrir námsvefinn „Tónlist í tímans rás“. Verkefnið byggir á afar framsækinni hugsun en á vef hennar er fléttað saman fróðleik um tónlistarsögu og frumatriðum í tónsmíðum. Nemendur eiga þess kost að rannsaka hvað einkennir helstu stílbrigði í tónsmíðum í vestrænni tónlistarsögu með því að skoða tóndæmi og hlusta á þau. Einnig eru nemendur sjálfir hvattir til að semja eigin tónverk. „Tónlist í tímans rás“ hvetur nemendur til að afla sér þekkingar á lifandi og virkan hátt þar sem hver nemandi tekur á efninu eftir eigin áhuga og í samræmi við eigin getu

Dómnefnd telur að námsefni þetta muni stuðla að nýjungum í tónmenntakennslu, en það er svið sem of oft hefur orðið útundan í íslenskum grunnskólum. Því er þetta námsefni kærkomin viðbót sem mun eflaust efla enn frekar tónlistarnám í skólum landsins.

Því má bæta við að „Tónlist í tímans rás“ hefur nú þegar vakið áhuga erlendra námsefnishöfunda og eru líkur á því að efnið verði þýtt á önnur tungumál.”